

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM ÁLFTANESVEG FRÁ ENGIDAL AÐ SUÐURNESVEGI

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Álftanesvegur, frá Engidal að Suðurnesvegi, í Garðabæ og Bessastaðahreppi, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaaðili: Vegagerðin.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Nýr tæplega 4 km langur vegur á Álftanesi í Garðabæ og Bessastaðahreppi.

Markmið framkvæmdar: Að bæta vegasamband, auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur um Álftanes.

Frumathugun: Þann 30. mars 2000 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 14. apríl 2000 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 14. apríl til 19. maí 2000 á skrifstofu Bessastaðahrepps, bæjarskrifstofu Garðabæjar og í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Sex athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar Bessastaðahrepps, Garðabæjar, Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Þjóðminjasafns Íslands. Framkvæmdin var kynnt Hafnarfjarðarbæ, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla: Álftanesvegur. Engidalur-Suðurnesvegur. Frummat á umhverfisáhrifum. Hönnun hf. mars 2000.

Önnur gögn: Svör framkvæmdaraðila við umsögnum, athugasemdum og fyrirspurnum Skipulagsstofnunar dags. 9., 22. og 29. maí og 6. júní 2000.

2. UMSAGNIR

Umsagnir bárust frá:

Bessastaðahreppi með bréfi dags. 5. maí 2000.

Garðabæ með bréfum dags. 8. maí og 31. maí 2000.

Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 9. maí 2000.

Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 18. maí 2000.

Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 5. maí 2000.

3. ATHUGASEMDIR

Sex athugasemdir bárust á kynningartíma frá eftirtöldum aðilum:

Árna Björnssyni með bréfi dags. 8. maí 2000.

Brynju Dís Valsdóttur og Guðmundi Viðari Karlssyni með bréfi dags. 19. maí 2000.

Fuglaverndarfélagi Íslands, með ódags. bréfi mótt. 19. maí 2000.

Herberti Herbertssyni með bréfi dags. 14. maí 2000.

Jóni Lárussyni f.h. eigenda Selskarðs með bréfi dags. 19. maí 2000.

Náttúruverndarsamtökum Íslands með bréfi dags. 19. maí 2000.

4. UMHVERFISÁHRIF ÁLFTANESVEGAR FRÁ ENGIDAL AÐ SUÐURNESVEGI SAMKVÆMT FRAMLÖGDUM GÖGNUM VIÐ FRUMATHUGUN

4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt lagning Álftanesvegjar frá Engidal í Garðabæ að Suðurnesvegi í Bessastaðahreppi. Fyrirhugaður vegur er u.þ.b. 3,8 km langur. Álftanesvegur er á núgildandi vegaáætlun og er gert ráð fyrir lagningu hans árin 2002 og 2003. Áætlaðar framkvæmdakostnaður er um 400 milljónir kr.

4.1.1 Lega vegar

Í frummatsskýrslu eru kynntir þrír kostir á legu Álftanesvegjar. Valkostur Vegagerðarinnar, leið A, liggur frá vegamótum við Hafnarfjarðarveg, um Engidal, yfir Gálgahraun norðan við núverandi veg. Gatnamót Álftanesvegjar og fyrirhugaðs Vífilsstaðavegjar verða í Gálgahrauni. Þaðan mun vegurinn liggja áfram niður af hrauninu yfir eiðið milli Skógtjarnar og Lambhúsatjarnar og inn á núverandi veg austan gatnamótanna við Garðaveg. Vegurinn endar í Bessastaðahreppi í nýju hringtorgi Álftanesvegjar, Norðurnesvegjar og Suðurnesvegjar með tilheyrandi tengingum. Lengd veglínunnar er um 3,8 km og nær fyrirhuguð framkvæmd yfir þessa vegagerð auk tenginga við núverandi vegakerfi. Gert er ráð fyrir þrennum undirgöngum á kaflanum frá Engidal að hringtorgi í Bessastaðahreppi. Í Engidal verða byggð undirgöng fyrir akandi og gangandi vegfarendur sem tengja núverandi byggð við Álftanesveg við nýja byggð í Hraunsholti í Garðabæ.

4.1.2 Efnistaka

Samkvæmt frummatsskýrslu er heildarefnisþörf áætluð um 200.000 m³. Áætlað er að

nota allt að 100.000 m³ úr skeringum. Það sem upp á vantar, um 100.000 m³, mun koma úr námum, sem eru í notkun á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er ljóst hvaðan verktaki mun taka efnið en líklegar námur sem uppfylla skilyrði um gæði eru í Bolöldu, Óbrinnishólum, Vatnsskarði og Hamranesi.

4.1.3 Aðrir kostir

Í frummatsskýrslu kemur fram að á undirbúningstíma framkvæmdarinnar hafi tveir kostir á legu Álftanesvegur, leiðir B og C, verið bornir saman við tillögu framkvæmdaraðila, leið A. Allar leiðir uppfylli vegtæknilegar kröfur. Einnig eru kynntar tillögur landeigenda Selskarðs og endurbætur á núverandi vegi sem ekki séu taldar koma til greina. Núverandi vegur uppfylli ekki vegtæknilegar kröfur um umferðaröryggi.

Leið B liggur milli leiðar C og leiðar A. Frá undirgöngum í Engidal liggur vegurinn yfir Gálgahraun, nokkru sunnar en leið A, en sameinast svo þeirri veglínu er nær dregur Lambhúsatjörn. Leitast var við að fara með veginn sem næst skipulögðu byggingarsvæði á Garðaholti án þess að skerða það og þannig að hönnunarforsendum sé fullnægt.

Leið C fer stystu leið yfir hraunið og aftur inn á núverandi veg rétt vestan við hraunjaðarinn. Vegurinn skerðir skipulagt íbúðarsvæði á Garðaholti.

Tillögur landeigenda á Selskarði. Vegurinn liggja um fjöru Lambhúsatjarnar mislangt frá ströndinni norðanverðri. Einnig hafi landeigendur bent á leið milli Gálgahrauns og Hraunsholts yfir á Bessastaðanes. Verði hvorugur þessara kosta að veruleika fara landeigendur fram á að vegurinn verði settur í undirgöng á Selskarði.

4.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

4.2.1 Landnotkun

Í frummatsskýrslu kemur fram að núverandi vegur hafi lítið burðarþol, ófullnægjandi undirbyggingu, krappar beygjur, blindhæðir, hann sé of mjór og vegöryggi sé óásættanlegt. Vegurinn komi ekki til með að anna auknum umferðarþunga samkvæmt umferðarspá.

Sveitarstjórn Bessastaðahrepps telur leið A ásættanlega.

Í umsögn Garðabæjar kemur fram að leitast hafi verið við að hafa veginn eins norðarlega og hægt sé til að minnka ekki fyrirhugað byggingarsvæði á Garðaholti og spilla ekki ásynd suðvesturhluta hraunjaðarsins. Gert sé ráð fyrir að íbúafjöldi í Garðabæ aukist úr um 8.000 nú í um 22.000 íbúa árið 2020 og sé Garðaholti ætlað stórt hlutverk í þeirri fjölgun. Í nógildandi aðalskipulagi sé gert ráð fyrir 4.500 íbúum á Garðaholti en ýtrustu hugmyndir um þéttingu byggðarinnar geri ráð fyrir allt að 8.000 íbúum. Garðbæingum sé almennt ljóst að þeir búi við stórbrotna náttúru enda hafi verið lögð rík áhersla á það í skipulagi bæjarins að vernda hið sérstæða umhverfi hans. Bæjaryfirvöldum sé jafnframt ljóst, að nýta verði ákjósanleg byggingarsvæði í bænum til þess að mæta þörfum vaxandi borgarsamfélags fyrir aukið húsnæði, en í því efni hafi jafnan verið haft að leiðarljósi að almenn sátt og jafnvægi megi verða milli mannvirkja, umhverfis og náttúru. Bæjarstjórn Garðabæjar telur að lega fyrirhugaðs Álftanesvegur eins og hún er sýnd í Aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 sé besti kostur á legu vegarins sem fram hafi komið, að teknu tilliti til byggðaþróunar, umhverfis, náttúruverndar og mengunaráhrifa af völdum umferðar í víðtækum

skilningi.

Í athugasemd Jóns Lárussonar f.h. landeigenda Selskarðs kemur fram að landeigendur mótmæli lagningu Álftanesvegar á jörðinni. Farið er fram á að vegurinn verði lagður skv. tillögu landeigenda á Selskarði, sem kynnt er í frummatsskýrslu. Með vegagerðinni sé verið að eyðileggja möguleika á annarri nýtingu jarðarinnar. Athugasemd er gerð við að hvorki hafi farið fram hagrænt né félagslegt mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á eignina Selskarð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tillögur um að leggja veginn á kafla í stökk eða í annars konar álíka mannvirki séu taldar óraunhæfar, bæði tæknilega séð og vegna kostnaðar. Þá sé staðsetning vegar úti í Lambhúsatjörn í meiri andstöðu við verndarsjónarmið en sú staðsetning sem nú sé áformuð.

4.2.2 Umferð og hávaði

Samkvæmt frummatsskýrslu var árdagsumferð á Álftanesvegi milli 3.400 og 4.400 bílar árið 1999. Umferðarspá geri ráð fyrir að þegar Garðaholt og Bessastaðahreppur verði fullbyggð samkvæmt aðalskipulagi verði dagleg meðalumferð á Álftanesvegi allt að 15.000 bílar á sólarhring. Fram kemur að samkvæmt niðurstöðum rannsókna á loftmengun frá umferð muni kröfum mengunarvarnareglugerðar verða fullnægt. Við hljóðstigsútreikninga sé reiknað með að umferð aukist á Álftanesvegi úr 3.000 bílum á sólarhring árið 1997 í um 12.000 bíla á sólarhring árið 2030.

Við hljóðstigsútreikninga á leið A beindist athygli að fyrirhugaðri íbúðarbyggð á Garðaholti. Hljóðstig var ekki reiknað fyrir leiðir B og C en áætlað út frá niðurstöðum fyrir leið A miðað við 70 km/klst hámarkshraða á Álftanesvegi, en 50 km/klst annars staðar. Hljóðstig frá umferð, 55 dB(A), fari að litlu leyti inn fyrir mörk fyrirhugaðs íbúðarsvæðis á Garðaholti miðað við leið A, en samkvæmt því lendi 2-6 hús innan 55 dB(A)-markanna, en auðvelt yrði að lækka hljóðstigið með gerð hljóðmana, sem sé háð nánari útfærslu á deiliskipulagi hverfisins. Hljóðstig frá umferð fari yfir 55 dB(A) í íbúðarhverfinu á Hraunsholti, en þar séu nú þegar uppi áform um að byggja hljóðmanir við suðurhluta hverfisins og verði hávaði þá alls staðar undir mörkum mengunarvarnareglugerðar. Á jörðinni Kirkjubrú í Bessastaðahreppi sé skipulagt íbúðarhverfi í um 40 m fjarlægð frá Suðurnesvegi. Þar sé hámarkshraði kominn niður í 50 km/klst og umferðin minni en á Álftanesvegi þannig að ekki ættu að skapast vandamál vegna hávaða. Á útivistarsvæði norðan við leið A sé fyrirhugaður göngustígur á svipuðum slóðum og 55 dB(A) jafnstyrktarlína fyrir hávaða frá umferð liggja og á stuttum kafla nái mörkin niður í fjöruna.

Samkvæmt frummatsskýrslu er áætlað að samkvæmt leið B geti hljóðstig frá umferð farið yfir 55dB(A) á allt að 100 m breiðu beltum í fyrirhuguðu íbúðarhverfi á Garðaholti á yfir 900 m löngum kafla. Leið C kljúfi fyrirhugað íbúðarhverfi á Garðaholti á rúmlega 1.000 m kafla, en við það lendi rúmum 25 ha innan 55 dB(A) -markanna. Þörf verði á mjög umfangsmiklum hljóðvörnum ef ekki eigi að spilla skipulagslegum forsendum hverfisins.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að tryggja þurfi að hávaðavarnir séu fullnægjandi á hverjum stað til að uppfylla ákvæði reglugerða fyrir nýja byggð.

Náttúrverndarsamtök Íslands telja að gera þurfi grein fyrir vegtæknilegum forsendum um umferðaröryggi og sambandi þess við hönnunarhraða og skiltaðan hraða á fyrirhuguðum Álftanesvegi. Samtökin benda á að athuga verði hvort ekki megi nýta núverandi veg ef hönnunarhraði vegarins yrði lækkaður. Þar yrði einnig gerð grein

fyrir óhappatíðni og tengdum kostnaðarþáttum til að gera raunhæft mat á valkostum mögulegt.

Jón Lárusson f.h. landeigenda Selskarðs gerir athugasemd við að ekki sé fjallað um gerð gatnamóta, hljóðmana og undirganga á Selskarði.

Í svörum framkvæmdaaðila kemur fram að þar sem ekki séu fyrirhuguð mannvirki á Selskarði hafi ekki þótt ástæða til úttektar á hljóðvist þar.

4.2.3 Útivist

Í frummatsskýrslu kemur fram að strandsvæðin við Álftanes og Gálgahraun séu álitin áhugaverð útivistarsvæði. Gálgahraun, Lambhúsatjörn, Skógtjörn og strandlína Álftaness séu á náttúruminjasá. Þar sé að finna fjölbreyttar tjarnir, fjöror og grunnsævi með auðugu lífríki. Gálgahraun sé tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum sjávarfitjum. Svæðið sé kjörið útivistarsvæði. Til að auðvelda aðgengi að útivistarsvæði í Gálgahrauni norðan við fyrirhugaðan veg sé gert ráð fyrir hægt verði að þvera Álftanesveg um göng eða brýr og að hraunið sunnan leiðar A verði aðgengilegra íbúum á Garðaholti. Möguleikar til útivistar skerðist tiltölulega lítið. Hraunkanturinn haldist órofinn á löngum kafla og hægt verði að njóta svæðisins í hrauninu sunnan vegarins. Stærri útivistarsvæði verði aðgengilegt norðan vegarins með leið B en leið A, en á móti komi að leið B tvískipti hraunkantinum.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að hraunið sé mikið notað af almenningi til gönguferða og náttúruskoðunar. Hraunið sé gjöfult berjaland og skjólsælar lautir sé að finna í úfnu hrauninu. Þegar komið sé utarlega í hraunið séu menn að mestu lausir við umferðarnið og annan þéttbýlisskarkala. Stofnunin telji að friðsældin muni minnka ef lögð verði hraðbraut gegnum hraunið. Hraunið hafi mikið verið notað til kennslu og að þar hafi allnokkrar rannsóknir verið gerðar á náttúrufari. Meta þurfi gildi hraunsins til þessara nota. Ástæða væri til að bæta umgengni á svæðinu og gera það aðgengilegt og fróðlegt með merkingum og stígum. Gildi ósnortinnar náttúru í nágrenni þéttbýlis sé mikið og vaxandi.

Í athugasemdum Árna Björnssonar, Brynju Dísar Valsdóttur og Guðmundar Viðars Karlssonar, Fuglaverndarfélags Íslands, Herberts Herbertssonar og Náttúruverndarsamtaka Íslands er bent á að Gálgahraun sé kjörið til útivistar og náttúruskoðunar. Gerð er athugasemd við þá skerðingu á útivistargildi Gálgahrauns sem vegalagning muni leiða til. Bent er á að hávaði frá umferð muni einnig hafa áhrif á útivistargildi svæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að að hraunkanturinn sé ekki síður vinsæll til útivistar en hraunið sjálft. Með leið A verði farið þvert á kantinn sem raskist því tiltölulega lítið. Gildi hraunsins til náttúrufræðikennslu og rannsókna ætti ekki að minnka með fyrirhugaðri vegagerð.

4.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í frummatsskýrslu kemur fram að í Gálgahrauni séu söguminjar, sögustaðir og fornargötur. Garðastekkur sé gömul fjárrétt sem nauðsynlegt sé að varðveita. Í hrauninu sé einnig að finna Fógetastíg, sem þyki mjög óvenjulegur og sé minnisvarði um mikilvægi Bessastaða sem miðstöðvar stjórnsýslu á Íslandi og efnahagslífs við Faxaflóa um aldir. Þyki stígurinn vera meðal allra merkustu fornleifa á höfuðborgarsvæðinu og hafi ótvírætt varðveislugildi. Leið A þveri Fógetastíg tvisvar

og hylji hann. Fyrirhugað sé að leggja sand yfir Fógetastíg á þeim tveimur stöðum þar sem hann verði þveraður og byggja veginn þar ofan á. Leið B sneiði hjá Fógetastíg en liggja þess í stað mjög nálægt Garðastekk. Á leið C verði sneitt hjá fornminjum.

Þjóðminjasafn Íslands fellst á þær mótvægisáðgerðir sem kynntar eru í frummatsskýrslu og minnir á að gæta verði ítrustu aðgæslu í námunda við minjar við vegarstæðið og leggur til að þær verði afgirtar meðan á framkvæmdum stendur. Mælst er til þess að umræddar fornleifar verði merktar og settar við þær fræðsluskilti í samvinnu við safnið. Að öðru leyti gerir Þjóðminjasafnið ekki athugasemdir við framkvæmdina.

4.4 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Í frummatsskýrslu kemur fram að í nágrenni fyrirhugaðs Álftanesvegjar sé landslag sérstætt og fjölbreytt, einkum með tilliti til staðsetningar vegarins nálægt stærsta þéttbýliskjarna landsins. Vegurinn komi til með að liggja um og nálægt hrauni, fjölbreyttum tjörnum, fjörum og grunnsævi með auðugu lífríki. Svæði á náttúruminjasrá í nágrenni vegarins séu Bessastaðanes, Gálgahraun, Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn og Skógtjörn. Tjarnirnar séu einnig á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) og á votlendiskrá. Bent er á að eldhraun séu landslagsgerðir sem njóta skuli sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Gálgahraun sé sá hluti Búrfellshrauns sem hingað til hafi fengið að vera óraskaður og því sé verndargildi þess mikið. Fram kemur að í Aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 falli Gálgahraun, Lambhúsatjörn og Skógtjörn í nágrenni fyrirhugaðs vegar undir bæjarvernd vegna sérstakrar náttúru, landslags, sögumínja eða umhverfis- og útivistargildis.

4.4.1 Gróður

Í frummatsskýrslu kemur fram að gróður í fyrirhuguðu vegarstæði sé fjölbreyttur, en mosapemba og mosamóar setji þó sterkan svip á hraunið. Fjölbreytni gróðurfélaga í hrauninu ráðist einkum af margbreytileika yfirborðsins. Á leið A séu helluhraunsflákar miklu víðlendari og hraunið þannig að jafnaði ekki eins stórbrotið og gróðurfélög einsleitari en á leiðum B og C. Á leið C hafi gróðursamfélögin orðið fyrir meira raski en á öðrum leiðum þar sem umferð manna í gegnum tíðina hafi verið mest við núverandi veg, þar sem leið C er fyrirhuguð. Þegar hrauni sleppi taki mólendi og melar við að núverandi vegi, en sunnan vegar sé raskað votlendi. Fram kemur að ein tegund sem getið sé í Válista 1 á suðvesturhluta landsins, kuðulmosi, hafi fundist á vegsvæðinu en henni sé ekki hættu búin vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Í frummatsskýrslu kemur fram að Lambhúsatjörn og fjörur hennar teljist votlendi sem beri að vernda samkvæmt skilgreiningu Ramsar-sáttmálans. Einn helsti galli við leið A sé nálægð við fjöru. Fram kemur að jarðrask verði lagfært og þar sem þurfa þykir verði sáð víkjandi grastegundum.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að unnið sé jöfnum höndum að verndaráætlun til að stemma stigu við yfirvofandi hættu á útrýmingu tegunda, endurheimt búsvæða o.s.frv. Vegagerðin sem hér sé fjallað um sé ekki í neinu samræmi við þær áætlanir.

4.4.2 Dýralíf

Í frummatsskýrslu kemur fram að fjörur og grunnsævi Lambhúsatjarnar séu kjörlendi margra fuglategunda og mikilvæg svæði fyrir fjölda annarra lífvera. Tjarnirnar séu eini staðurinn á Innnesjum, sem nái frá Hvaleyri og upp á Kjalarnes, þar sem margæsir komi við á leið sinni yfir Atlantshafið. Nyrst í Gálgahrauni sé að finna lífauðugar

sjávarfitjar umhverfis Eskisneseyrar. Fjölbreytni fuglalífs hafi reynst mest í Gálgahrauni, en þéttleikinn mestur vestast á svæðinu. Tvö kríuvörp séu í næsta nágrenni við fyrirhugaða veglínu. Á vorin og haustin sé mikið um umferðarfugla á Álftanesi á leið til varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada, auk íslenskra fugla á leið til og frá varpstöðvum. Á milli 5 og 10% af stofni margæsa hafi viðkomu á Álftanesi á vorin, eða um 1.500 fuglar og fari þeim fjölgandi. Þessi viðdvöl gæsanna vegi þungt í að setja Álftanesið á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Fram kemur að leið A liggi næst sjávarfitjunum, leið B liggi yfir kríuvarp, en gera megi ráð fyrir að kríurnar muni færa sig um set, verði þessi leið valin. Leið C sé álitlegasti kosturinn út frá fuglaverndarsjónarmiði. Fram kemur að framkvæmdaraðili sé tilbúinn að tímasetja framkvæmdir með tilliti til varptíma fugla á svæðinu.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn og Skógtjörn séu á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) m.a. vegna umferðar farfugla um svæðið. Lambhúsatjörn sé hægt að tilnefna á Ramsar listann. Fuglalíf sé mikið á hrauninu og í nágrenni þess. Ekki hafi verið varpað ljósi á hver áhrif vegagerðarinnar og aukinna mannlegra umsvifa á svæðinu komi til með að hafa á þetta lífríki.

Í svörum framkvæmdaaðila kemur fram að fuglalíf sé fjölbreytt á svæðinu en þó ekki einstætt. Fjarlægð milli sjávarfitjanna og fyrirhugaðs vegar við hraunið sé það mikil að áhrif á fuglalíf ættu að vera óveruleg.

Í athugasemd Fuglaverndarfélag Íslands er bent á að sumar fuglategundanna sem finnst á framkvæmdasvæðinu séu orðnar fágætar á þéttbýlissvæðinu á Innnesjum og að strandsvæðið meðfram Lambhúsatjörn hafi mikið alþjóðlegt og innlent verndargildi. Fuglaverndarfélagið leggist gegn leið A. Vænlegast sé að lagfæra núverandi veg en að öðrum kosti séu minnst landspjöll af leið C.

Í athugasemd Náttúruverndarsamtaka Íslands kemur fram það álit að minnst truflun verði á fuglalífi með því að fylgja núverandi veglínu. Leið A sé sísti kosturinn. Bent er á að lega fyrirhugaðs vegstæðis samræmist illa verndarákvæðum sem komi fram í a.m.k. þremur alþjóðasáttmálum, Ramsarsamþykktinni, Bernarsamþykktinni og lífríkisáttmálanum, Ríó 1992. Flest þessara ákvæða eigi við um margæs en Lambhúsatjörn sé einn af fáum viðkomustöðum hennar hér á landi. Vegstæðið muni valda búsvæðatapi, ákeyrslum á fugla og óbeinni truflun vegna umferðarniðs. Gerð er athugasemd við að leið A liggi næst Lambhúsatjörn þar sem mest er um fuglavarp við tjörnina.

Í athugasemd Brynju Dísar Valsdóttur og Guðmundar Viðars Karlssonar er bent á alþjóðlegt verndargildi Álftaness vegna umferðar farfugla og sem búsvæði fugla.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að Lambhúsatjörn sé svæði sem njóta skuli sérstakrar verndar til að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Því skuli kanna sérstaklega hvað þurfi að gera til að tryggja að mengun verði þar ekki vegna framkvæmdanna eða af völdum yfirborðsvatns eftir að framkvæmdum ljúki. Sérstaklega þurfi að huga að mögulegum mengunarslysum til að tryggja að lífríki tjarnarinnar verði ekki fyrir áhrifum. Þetta megi gera með því að beina regnvatni af veginum annað eða tryggja viðeigandi meðhöndlun þess áður en það fari út í tjörnina.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að af hálfu Vegagerðarinnar séu ekki uppi áform um að meðhöndla yfirborðsvatn af núverandi vegi eða hinum nýja með einhverju sérstöku móti. Gert sé ráð fyrir að vatn renni af veginum niður í vegfláa eða

í vegrásir eftir aðstæðum og sígi niður í jörðina eða renni af vegsvæðinu eftir því sem landi hallar. Ekki hafi þótt ástæða til að óttast alvarleg mengunarslys á þessum vegi umfram aðra og ekki sé vitað til að varasamir efnisflutningar fari að jafnaði eftir þessum vegi. Ef hins vegar lög kveði svo á um, muni Vegagerðin meðhöndla afrennslisvatn af veginum á viðeigandi hátt, áður en það fer út í Lambhúsatjörn.

4.5 ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Í frummatsskýrslu kemur fram hraunið þar sem fyrirhuguð veglína liggur um sé ósnortið nútímahraun sem rann úr Búrfelli fyrir um 7.200 árum. Með vali á fyrirhugaðri leið A sé leitast við að fara um sléttasta hluta hraunsins þannig að hraunmyndunum verði hlíft eins og frekast sé unnt, þrátt fyrir að farið sé lengra út í hraunið og að vegalengd í hrauni sé meiri en á leiðum B og C. Auk þess yrði öryggissvæði utan vegar breiðara á leiðum B og C og meira áberandi í hrauninu, þar sem hraunið meðfram vegstæðinu sé mjög úfið og því muni verða meiri spjöll við jöfnun þess. Raski á Gálgahrauni verði haldið í lágmarki þar sem vegurinn liggur um hraunið og leitast verði við að fella veginn eins vel að landinu og frekast sé unnt.

Að mati Náttúruverndar ríkisins eru mikil náttúruverðmæti í húfi og telur stofnunin að finna eigi nauðsynlegum vegabótum annan farveg. Vernda beri þann hluta hraunsins sem eftir sé ósnortinn sem eina landslagsheild. Nútímahraun eins og hér um ræðir séu séríslenskt fyrirbæri sé litið til landa í norðanverðu Atlantshafi og sjaldgæf á heimsvísu. Einnig séu þau fágæt hér á landi. Það sé ljóst að náttúruverndargildi þess sé mikið og ekki sé hægt að fara í umfangsmiklar framkvæmdir án þess að að ganga í berhögg við reglur og samþykktir um náttúruvernd. Náttúruvernd ríkisins bendir á að mörg ákvæði í lögum og samþykktum kveði á um að hraunið og nágrenni þess sé verndað eða ætti að njóta verndunar, einnig sé svæðið á náttúruminjaskrá. Samkvæmt skipulagi verði farið með tengibraut þvert á hraunið til að tengja Vífilsstaðaveg Garðahverfi á Álftanesi og muni vegurinn þvera Álftanesveg í hringtorgi. Ljóst sé að tilkoma tengibrautarinnar auki enn á raskið og gangi enn frekar á hraunið og búsvæði þess. Það sé mat Náttúruverndar ríkisins að meta þurfi umhverfisáhrif lagningar Vífilsstaðavegar yfir Gálgahraun í samhengi við aðrar vegaf framkvæmdir á svæðinu. Náttúruvernd ríkisins bendir á að samkvæmt ákvæðum nýrra laga um náttúruvernd skuli liggja fyrir áætlun um efnistökuastaði og frágang. Náttúruvernd ríkisins leggst gegn fyrirhugaðri framkvæmd, þess í stað verði núverandi vegur endurbættur.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að leið A sé vegtæknilega besti kosturinn. Ný veglína í núverandi vegarstæði uppfylli engan veginn vegtæknilegar kröfur. Út frá öryggissjónarmiðum annars vegar og af skipulagslegum ástæðum hins vegar sé ekki hægt að fallast á tillögu Náttúruverndar ríkisins um að núverandi vegur verði endurbættur í stað fyrirhugaðrar framkvæmdar. Varðandi efnistöku sé ekki ljóst hvar hún muni fara fram. Aðeins verði tekið efni úr námum sem viðurkenndar séu af Náttúruvernd ríkisins og Vegagerðinni.

Í athugasemd Náttúruverndarsamtaka Íslands kemur fram að lagning vegar um Gálgahraun, sem sé náttúruleg landslagsheild og hafi mikið verndargildi m.a. samkvæmt lögum um náttúruvernd, muni hafa meiriháttar neikvæð sjónræn umhverfisáhrif. Lagt er til að byggt verði á núverandi vegi. Bent er á að með lagningu fyrirhugaðs Vífilsstaðavegar þvert yfir hraunið sem tengibrautar á Álftanesveg verði hraunspildan skorin í fernt og hún endanlega eyðilögð.

Árni Björnsson gerir athugasemd við þau náttúruspjöll sem framin verði í Gálgahrauni ef vegurinn verði lagður samkvæmt leið A og mælir með að núverandi vegur verði endurbættur.

Í athugasemd Brynju Dísar Valsdóttur og Guðmundar Viðars Karlssonar er bent á að vegalagning um Gálgahraun muni rýra gildi Lambhúsatjarnar, strandsvæðisins og hraunsins sem landslagsheildar fjöru, skerja, tjarna, mýra, holta og hrauns, auk þess sem hraunið sé á náttúruminjaskrá og njóti bæjarverndar Garðabæjar. Gerð er athugasemd við það verðmætamat að fórna megi hrauni fyrir byggingarland á Garðaholti. Lagt er til að núverandi vegur verði endurbættur eða nýr vegur verði lagður eins nærri núverandi vegi og kostur er.

Herbert Herbertsson gerir athugasemd við lagningu vegar um Gálgahraun og leggur til að fylgt verði núverandi vegi vestur fyrir hraunið meðfram hraunjaðrinum þar til leiðin sameinist leið B út á Álftanes. Einnig ætti að breyta legu Vífilsstaðavegar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sú leið sem kynnt er sem leið A sé sú leið sem talin sé samræma best vegtæknilegt öryggi og lágmarks rask á umhverfinu þannig að ekki þurfi að breyta núgildandi Aðalskipulagi Garðabæjar. Núverandi vegi sé fylgt að hluta í landi Selskarðs. Annars staðar reynist erfitt að fylgja núverandi vegi, ýmist vegna skipulags eða öryggissjónarmiða. Fyrsta 1,5 km sé þetta mjög erfitt jafnvel þó að hönnunarhraði verði lægri. Núverandi vegur gegni hlutverki safngötu og því sé það ekki hönnunarhraðinn, heldur fjöldi gatnamóta sem helst skapi þá hættu sem er á núverandi vegi. Nærtækara sé að gera nýja stofnbraut fram hjá byggðinni heldur en að breikka núverandi veg, fella burt allar tengingar og gera hliðargötur með tilheyrandi raski, skerðingu á lóðum og hávaðavandræðum vegna nálægðar umferðarinnar. Þetta séu veigamikil atriði og forsendur fyrirhugaðrar færslu Álftanesvegar á þessum kafla.

5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vegagerðin hefur tilkynnt til frumathugunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 lagningu nýs 3,8 km Álftanesvegar frá Engidal í Garðabæ að Suðurnesvegi í Bessastaðahreppi. Samkvæmt frummatsskýrslu er markmið framkvæmdarinnar að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur um Álftanes. Fram kemur að fyrirsjáanlegt sé að vegtæknilegar kröfur verði ekki uppfylltar með endurbótum á núverandi vegi auk þess sem hann muni skerða fyrirhugað íbúðarsvæði á Garðaholti. Framkvæmdir eru áformaðar árin 2002-2003 og er framkvæmdakostnaður áætlaður um 400 milljónir kr.

Í frummatsskýrslu er tillaga framkvæmdaraðila, leið A, borin saman við aðra kosti á legu fyrirhugaðs vegar, leiðir B og C. Ennfremur er stuttlega vikið að samanburði við lagningu vegar eftir núverandi vegstæði Álftanesvegar og að tillögu landeigenda á Selskarði að leiðum um fjörur Lambhúsatjarnar og leið neðan Hraunsholts yfir á Bessastaðanes.

Fyrirhuguð leið A liggur frá vegamótum við Hafnarfjarðarveg út á Gálgahraun og fer á tæplega 2 km kafla um hraunið, allt að 600 m norðar en núverandi vegur. Síðan liggur leið A niður af hraunkantinum í um 100 m fjarlægð frá strönd Lambhúsatjarnar og heldur áfram yfir eiðið milli Lambhúsatjarnar og Skógtjarnar og tengist núverandi vegi í um 300 m fjarlægð frá núverandi gatnamótum við Garðaveg. Þaðan liggur leið A nærri núverandi vegstæði.

Leiðir B og C fara skemmra inn á hraunið og um styttri vegalengd heldur en leið A. Næst Gálgahrauni liggja þær fjær Lambhúsatjörn en leið A, sérstaklega á það við um leið C. Aftur á móti liggja þær á og nærri svæði sem er fyrirhugað íbúðarsvæði á Garðaholti samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015. Leið B liggur við jaðar fyrirhugaðs íbúðarsvæðis, en leið C sker það á um 1 km kafla.

Áhrif á jarðmyndanir

Gálgahraun, að núverandi Álftanesvegi, er á náttúruminjaskrá, auk þess sem eldhraun skulu njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum náttúruverndarlaga um landslagsvernd. Samkvæmt frummatsskýrslu er Gálgahraun sennilega eitt af fáum nútímahraunum sem enn er ósnortið í miðju þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu og verndargildi þess talið ótvírætt. Í heild flokkist Gálgahraun sem mjög sérstæð jarðmyndun, sérstaklega vegna nálægðar við byggð. Sérstaða hraunsins sé fremur fagurfræðileg en jarðfræðileg og þannig felist verðmæti þess m.a. í óreglulegu og stórbrotnu yfirborði og stóru ósnortnu hraunsvæði.

Samkvæmt frummatsskýrslu eiga leiðir A, B og C það sameiginlegt að engin þeirra fer um hraunsvæði með jarðmyndunum sem ekki eigi sinn líka annars staðar í hrauninu eða í öðrum hraunum. Fram kemur að hraunið sé ekki eins svipmikið og úfið á leið A eins og á leiðum B og C. Leiðir B og C skerði styttri vegalengd af hrauninu heldur en leið A og þær fari skemmra inn á hið ósnerta hraunsvæði, en á móti fari þær yfir úfnara hraun. Við frumathugun hefur í umsögnum og athugasemdum verið bent á að vernda beri þann hluta hraunsins sem eftir sé ósnortinn sem eina landslagsheild. Svæðið sé náttúruleg landslagsheild með mikið verndargildi.

Í framlögðum gögnum um fyrirhugaðan Álftanesveg og í Aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 er gert ráð fyrir tengingu Álftanesvegar við nýjan Vífilstaðaveg sem liggir

yfir Gálghaun. Við frumathugun hefur í umsögnum og athugasemdum verið bent á að fyrirhugaður Vífilstaðavegur gangi enn frekar á hraunið og búsvæði þess.

Áhrif á gróður

Samkvæmt frummatsskýrslu er gróður á leiðum A, B og C í Gálghaunum fjölskrúðugur. Fram kemur að kuðulmosi, sem er tegund á Válista 1, hafi fundist á leið A, en líklegt sé að tegundin finnist á stærra svæði. Gildi gróðurs á áhrifasvæðum þessara leiða felist væntanlega fyrst og fremst í nálægð svæðisins við þéttbýli. Fram kemur að fjölbreytni gróðurfélaga í hrauninu ráðist einkum af því hversu fjölbreytilegt yfirborð hraunanna sé. Þannig séu gróðurfélög einsleitari á leið A, en sérstæðari á leiðum B og C. Á móti komi að næst núverandi vegi og veglínu C hafi áhrif umferðar manna um hraunið spillt gróðri. Óspilltustu gróðurfélögin séu á leið A.

Áhrif á fugla

Samkvæmt frummatsskýrslu er fuglalíf á leið A almennt fjölbreytt en ekki einstætt. Í greinargerð um fuglalíf í frummatsskýrslu er lega leiðar A meðfram Lambhúsatjörn hinsvegar talin óásættanleg m.t.t. nálægðar við fjöru og fitjar upp af henni. Lambhúsatjörn sem og aðrar fjörur og grunnsævi í Skerjafirði hafi alþjóðlegt verndargildi, en mjög hafi verið gengið á þetta kjörlendi og strandlengjan víða meira og minna röskuð. Auk þess er bent á að á vestasta hluta leiðarinnar sé farið yfir framræsta mýri sem mætti endurheimta. Votlendi á höfuðborgarsvæðinu hafi talsvert gildi og það ætti að vernda eins og kostur er.

Um áhrif leiðar B á fuglalíf segir í greinargerð um fuglalíf í frummatsskýrslu að lega hennar teljist ásættanleg m.t.t. fitja við Lambhúsatjörn, en lagning vegar eftir núverandi vegstæði eða leið C séu langálitlegustu kostirnir út frá fuglaverndarsjónarmiði.

Áhrif á menningarminjar

Í frummatsskýrslu kemur fram að leið A sé talin óheppileg m.t.t. minjaverndar vegna skerðingar sem hún hafi í för með sér á Fógetastíg og bæjar- og túnstæði Selskarðs.

Samkvæmt framlögðum gögnum virðast leiðir B og C hafa sambærileg áhrif og leið A á bæjar- og túnstæði Selskarðs. Auk þess virðist leið B geta raskað Garðastekk sem samkvæmt frummatsskýrslu eru minjar sem nauðsynlegt er að varðveita. Hvorki leið B né C virðast hafa áhrif á Fógetastíg en hann er samkvæmt framlögðum gögnum talinn vera meðal allra merkustu fornleifa á höfuðborgarsvæðinu og hafa ótvírætt varðveislugildi.

Áhrif á landnotkun

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggur fyrir staðfest stefna sveitarstjórna um landnotkun, annarsvegar í Aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 og hinsvegar í Aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013.

Legga vegar samkvæmt leið A er í öllum aðalatriðum í samræmi við stefnu Aðalskipulags Garðabæjar. Þó er í staðfestingu aðalskipulagsins settur sérstakur fyrirvari varðandi skipulag á Garðaholti og í Garðahrauni, þar til úrskurður um mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar liggja fyrir auk almenns fyrirvara um niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum annarra matsskyldra framkvæmda. Leið B fer um svæði sem skilgreint er sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Garðabæjar, en leið C fer á um 1 km kafla í gegnum svæði á Garðaholti sem í aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði

til nota eftir árið 2015. Leiðir A, B og C liggja saman innan Bessastaðahrepps og eru í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins.

Í frummatsskýrslu er greint frá því að strandsvæðin við Álftanes og Gálgahraun séu álitin áhugaverð útivistarsvæði. Gálgahraun, að núverandi Álftanesvegi, ásamt Lambhúsatjörn, Skógtjörn og strandlínu Álftaness eru á náttúruminjaskrá þar sem svæðið er tilgreint sem kjörið útivistarsvæði.

Miðað við hljóðvistarútreikninga sem kynntir eru í frummatsskýrslu má vænta þess að hljóðstig frá umferð geti farið yfir 55 dB(A) á um 200-300 m breiðu beltum umhverfis Álftanesveg. Á leið A hefði það fyrst og fremst áhrif á útivistarsvæði í hrauninu og önnur óbyggð svæði. Á leið B myndi áhrifa vegna skertrar hljóðvistar einnig gæta á norðausturjaðri fyrirhugaðs íbúðarsvæðis á Garðaholti. Leið C hefði hinsvegar í för með sér að á um 25 ha svæði innan fyrirhugaðs íbúðarsvæðis á Garðaholti mætti vænta hávaða ofan viðmiðunarmarka, ef ekki væri gert ráð fyrir hljóðmönnum meðfram veginum. Allar leiðirnar, A, B og C, myndu hafa í för með sér einhverja skerðingu vegna hávaða á fyrirhuguðu íbúðarsvæði í Garðahrauni.

Niðurstaða

Gálgahraun sem afmarkast af núverandi Álftanesvegi að sunnan en hraunjöðrum að austan og vestan, Lambhúsatjörn og Skógtjörn eru á náttúruminjaskrá vegna auðugs lífríkis, tilkomumikils nútímahrauns og þar er tilgreint að svæðið sé talið kjörið útivistarsvæði. Tjarnirnar eru ennfremur á skrá sem alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og á votlendisskrá. Í Aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 fellur Gálgahraun, norðan fyrirhugaðs Álftanesvegar og Vífilsstaðavegar, Lambhúsatjörn og Skógtjörn undir bæjarvernd. Ennfremur kemur fram í aðalskipulaginu að strandsvæðin við Álftanes og Gálgahraun séu áhugaverð útivistarsvæði. Hraunið nýtur einnig landslagsverndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Svæðið er í næsta nágrenni við þéttbýli, hefur mikið útivistargildi og er töluvert nýtt til gönguferða og náttúruskoðunar.

Þrátt fyrir að við val á leið A hafi verið leitast við að fara um sléttasta hluta hraunsins til að hlífa hraunmyndunum og draga úr stærð öryggissvæðis með vegi miðað við leiðir B og C mun framkvæmdin ásamt fyrirhugaðri lagningu Vífilsstaðavegar sem tengibrautar við Álftanesveg valda mikilli röskun á Gálgahrauni sem landslagsheild og útivistarsvæði. Ennfremur mun hávaði frá umferð um veginn stækka enn frekar áhrifasvæði framkvæmdarinnar í hrauninu en sem nemur því óhjákvæmilega jarðraski sem fylgir lagningu vegarins. Leið A mun liggja nær Lambhúsatjörn en leiðir B og C, en tjörnin hefur mikið gildi fyrir fuglalíf, auk þess sem lagning vegar eftir leið A skerðir merkar fornminjar.

Af framangreindu er ljóst að áhrif leiðar A á náttúrufar eru talin talsvert meiri en áhrif leiða B og C. Einnig virðist leið A hafa meiri skerðingu á menningarminjum í för með sér. Að mati skipulagsstjóra ríkisins hefur leið B minnst áhrif á hljóðvist. Leið A hefði í för með sér að á stóru öröskuðu útivistarsvæði myndi gæta ónæðis frá umferð um veginn, en leið C myndi hinsvegar hafa í för með sér vandamál varðandi hljóðvist í fyrirhugaðri íbúðarbyggð auk þess óhagræðis sem lega vegarins kann að hafa fyrir innra skipulag svæðisins. Skipulagsstjóri ríkisins telur að þá óverulegu skerðingu sem leið B hafi í för með sér á framtíðarbyggingarsvæði á Garðaholti megi auðveldlega vinna upp við frekari skipulagsvinnu svæðisins.

Skipulagsstjóri telur að framlögð gögn við frumathugun gefi ekki tilefni til frekari samanburðar framlagðra tillagna um leiðir A, B og C við aðra kosti, s.s. núverandi

veglínu Álftanesvegur eða leiðir um Lambhúsatjörn.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna, athugasemda og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð lagning Álftanesvegur samkvæmt leið B eins og hún er kynnt í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag. Skipulagsstjóri telur enn fremur að lagning vegar samkvæmt leið C muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á náttúrufar og menningarminjar, en að framkvæmdin hafi talsverðar takmarkanir í för með sér varðandi landnýtingu svæðisins. Skipulagsstjóri telur að áhrif leiðar A á náttúrufar, menningarminjar og útivist verði að teljast umtalsverð. Skipulagsstjóri telur að við frumathugun hafi ekki verið sýnt fram á að ávinningur af leið A sé slíkur, umfram leiðir B og C, að hann geti vegið upp þau umtalsverðu áhrif sem framkvæmdin muni hafa á náttúrufar, menningarminjar og útivist.

Lagning Álftanesvegur samkvæmt leið B eða C kallar á breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Garðabæjar og Bessastaðahrepps.

Skipulagsstjóri ríkisins vekur athygli á því að samkvæmt nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er lagning Vífilstaðavegar tilkynningaskyld framkvæmd. Samkvæmt þeim skal framkvæmdaraðili tilkynna tilteknar tegundir framkvæmda til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu þeirra. Við ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmda í einstökum tilvikum skal m.a. hafa hliðsjón af staðsetningu framkvæmda og hugsanlegum áhrifum þeirra á verndarsvæði, sérstæðar jarðmyndanir og landslagsheildir. Skipulagsstjóri ríkisins telur að æskilegt hefði verið að meta samtímis umhverfisáhrif Álftanesvegur og Vífilstaðavegar, þannig að líta hefði mátt heildstætt á samgöngur á svæðinu m.t.t. þarfa byggðarinnar og takmarkana vegna náttúruverndar.

Í framlögðum gögnum er samkvæmt leið A gert ráð fyrir hringtorgi sem tengi Vífilstaðaveg Álftanesvegi. Með því er bundin forsenda um legu Vífilstaðavegar. Þar sem umhverfisáhrif Vífilstaðavegar hafa ekki verið metin og ekki liggur fyrir ákvörðun samkvæmt lögum nr. 106/2000 um það hvort meta þurfi umhverfisáhrif vegarins telur skipulagsstjóri ekki unnt án frekari athugunar að fallast á þá tengingu, heldur verði að skoða hana frekar í tengslum við ákvörðun um matsskyldu og hugsanlega mat á umhverfisáhrifum Vífilstaðavegar.

Skipulagsstjóri ríkisins telur að ekki sé unnt að fallast á lagningu Álftanesvegur samkvæmt leið A á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram við frumathugun. Á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja telur skipulagsstjóri að umhverfisáhrif lagningar vegarins samkvæmt leið A séu fyrirsjáanlega mikil. Einnig er fyrirsjáanlegt að samvirk áhrif Álftanesvegur samkvæmt leið A og fyrirhugaðs Vífilstaðavegar séu talsverð. Því þurfi að fara fram frekara mat þar sem metin séu áhrif Álftanesvegur samkvæmt leið A ásamt tengingu við Vífilstaðaveg og legu Vífilstaðavegar um hraunið.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdar-

aðila við tilkynningu ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða lagningu Álftanesvegar, samkvæmt leið B eða C, eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu með eftirfarandi skilyrðum:

1. Tryggt verði aðgengi gangandi vegfarenda frá íbúðarsvæðum sunnan vegar að útivistarsvæði norðan vegar á sambærilegan hátt og fyrirhugað er samkvæmt leið A í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.
2. Endanleg hönnun og staðsetning tengingar við Vífilstaðaveg verði ákveðin þegar málsmeðferð Vífilstaðavegar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er lokið.
3. Tryggt verði að Garðastekki verði ekki raskað við endanlega hönnun vegarins og framkvæmdir við hann.
4. Samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins um efnistöku vegna framkvæmdanna og endanlega hönnun vegarins við Gálgahraun með það að leiðarljósi að framkvæmdirnar valdi lágmarks röskun á jarðmyndunum, landslagi, gróðri og dýralífi.

Fram fari frekara mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar samkvæmt leið A þar sem gerð sé nánari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á jarðmyndanir, landslag, gróður, fuglalíf, menningarminjar og útivist. Við frekara mat leiðar A verði áhrif vegarins metin m.t.t. þeirrar skerðingar sem tenging við Vífilstaðaveg hafi á sömu umhverfisþætti.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. júlí 2000.

Reykjavík, 7. júní 2000.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Hólmfríður Sigurðardóttir